

Aðalfundur Lagnafélags Íslands fyrir árið 2013

Fundarefni:	Skv. dagskrá fundar	Fundartími:	17.00 – 18.30
Fundardagur:	15.04.2014	Fundarritari:	Kristján Oddur Sæbjörnsson
Fundarstaður:	Danfoss, Skútuvogi		

1. Setning fundar. Aðalfundur var settur af framkvæmdastjóra félagsins Kristjáni Ottóssyni. Kristján hóf fundinn með því að minnst tveggja félagar sem féllu frá á árinu, þeirra Sigurðar Grétars Guðmundssonar og Ragnars Gunnarssonar.
2. Kosning fundarstjóra. Framkvæmdarstjóri tilnefndi Valdimar K. Jónsson sem fundarstjóra og hlaut hann þá kosningu.
3. Kosning fundarritara. Framkvæmdarstjóri tilnefndi Kristján Odd Sæbjörnsson sem ritara og var hann kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar. Steinar Gíslason gerði grein fyrir fundargerð síðasta aðalfundar sem fram fór 10. Apríl 2013, sem lesa má um í fréttabréfi nr. 119.
5. Skýrsla stjórnar. Kristján Oddur Sæbjörnsson las upp skýrslu stjórnar eftir Kristján Ottósson. Farið var yfir starfsemi félagsins á starfsárinu. Stjórnarfundir voru haldnir reglulega og var helsta umfjöllunarefnið ráðstefna sem haldinn var á liðnu starfsári sem bar heitið; „Framtíðarsýn um afhendingu lagnakerfa“, en lesa má um hana í fréttabréfi 120 og Lagnafréttum 42. Farið var yfir fagráðin, útgáfuna, heimasíðuna og auk samvinnu við Mannvirkjastofnun ásamt því að minnst stuttlega á stöðu Lagnakerfamiðstöðvarinnar.

5.1 Skýrslur fagráðanna:

- a. Fagráð loftræsikerfa. Kjartan Mar Eiríksson flutti skýrslu fagráðsins. Fagráðið hefur fundað 3 á starfsárinu. Helstu umfjöllunarefni voru tengd breyttum kröfum í byggingarreglugerð en fundargerðirnar má finna á heimasíðu félagsins, www.lafi.is
- b. Fagráð pípulagnakerfa. Snæbjörn Rafn Rafnsson flutti skýrslu fagráðsins. Fagráðið hefur fundað reglulega í allan vetur, alls 5 sinnum auk 2 sérfundar. Sjá fundargerðir á heimasíðu félagsins. Snæbjörn fór yfir helstu málefni sem rædd voru. Fagráðið hafi stefnt að því á hverjum fundi að draga ályktanir og koma með tillögum að lausn málefna hverju sinni. Meðlimir fagráðsins hafa verið sammála um að í mörgum tilvikum hafi vantað upp á samráð milli fagaðila um frágang kerfa þrátt fyrir alla þá umræðu sem verið hefur um þau mál innan LAFÍ. Fagráðið vill leita eftir álit fagfélaganna á tillögum þess samhliða því sem Snæbjörn kallaði eftir nýjum nálgunum á málefni sem tengd eru nýjum atriðum í byggingarreglugerðinni. Snæbjörn óttast það að lagnageirinn sé ekki tilbúinn fyrir þær breytingar sem boðaðar eru framundan eftir 8 mánuði og átt er þá við innleiðingu gæðakerfa ofl. Formaður fagráðsins bar einnig lof til nýs gagnagrunns Slökkviliðsins sem orðinn er til eftir samstarf Mannvirkjastofnunar og Slökkviliðsins.
- c. Fagráð rafstýrikerfa. Ekki flutt í fjarveru Sigurðar Sigurðssonar.
- d. Gæðamatráð. Egill Skúli Ingibergsson er formaður ráðsins. Engin málefni hafa borist inn á borð ráðsins á starfsárinu og hefur framkvæmdarstjóri félagsins náð að afgreiða fyrirspurnir sjálfur. Hins vegar vísaði framkvæmdarstjórinn fyrirspurn tengd ábyrgð á

byggingarefnum til Egils Skúla til umfjöllunar. Egill Skúli hélt í því samhengi afar áhugaverðan pistil um ábyrgð, áætlanagerð og verkefnastjórnun í sögulegu samhengi.

- e. Viðurkenningarnefnd. Formaður nefndarinnar, Þórður Ólafur Búason, þurfti frá að hverfa af fundinum og las fundarritari erindið hans upp fyrir fundarmenn. Farið var yfir starf nefndarinnar og það verkefni er hlaut viðurkenninguna Lofsvert lagnaverk árið 2012, en það var Hofið Menningarhús Akureyri.
- 5.2 Reikningar félagsins. Valdimar K. Jónsson gerði grein fyrir ársreikningi félagsins í forföllum gjaldkera.
- 5.3 Ákvörðun um félagsgjald. Framkvæmdastjóri félagsins lagði til að félagsgjaldið verði óbreytt eins og áður, 3.000 kr. Það var samþykkt af fundarmönnum. Fram kom að um 70 félagsmenn greiða félagsgjaldið.
- 5.4 Umræða um skýrslur og reikninga félagsins. Skýrslur stjórnar, fagráða og nefnda ásamt ársreikningi félagsins voru samþykktar án athugasemda.
6. Kosning formanns LAFÍ. Grétar Leifsson lætur nú af störfum sem formaður félagsins. Sveinn Áki Sverrisson, hjá VSB, var tilnefndur af Uppstillingarnefnd félagsins sem næsti formaður félagsins og hlaut hann kosningu.
7. Kosning stjórnar. Uppstillingarnefnd hafði stillt upp tillögu að meðstjórnendum. Þeir eru; Jón Guðmundsson, byggingarverkfræðingur hjá Mannvirkjastofnun. Kristján Oddur Sæbjörnsson, vélaverkfræðingur hjá Lagnatækni. Birgir Hólm Ólafsson, pípulagnameistari hjá Iðunni. Gunnar Sigurðsson, rafvirkjameistari. Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagnameistara. Helgi Pétursson, véltæknifræðingur hjá Ísloft.
- Kosning skoðunarmanna. Tilnefndir voru Egill Skúli Ingibergsson og Valdimar K. Jónsson. Hlutu þeir kosningu sem skoðunarmenn reikninga félagsins. Til vara er Guðmundur Jónsson, vélfræðingur.
8. Önnur mál. Ekki var rætt sérstaklega um önnur mál.
9. Fundargerð. Fundargerð verður kláruð af ritara og send Valdimari K. Jónssyni til yfirlstrar.
10. Fundarslit – nýkjörinn formaður. Nýkjörinn formaður Sveinn Áki þakkaði fyrir kjörið og sagðist hlakka til komandi starfsárs. Fundi var þar með slitið.